



Samband íslenskra sveitarfélaga, hag- og upplýsingasvið

Fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2021-2024

Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 1. tbl. 2021



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Úrvinnsla fjárhagsáætlana: Jóhannes Á.

Jóhannesson

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ritstjóri og ábm.: Sigurður Á. Snævarr

Myndir: Unsplash

2021/04

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*

Fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2021-2024

Helstu niðurstöður

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið samantekt um fjárhagsáætlanir þeirra sveitarfélaga sem skilað hafa áætlunum rafrænt inn í gagnaveitu sveitarfélaga sem vistuð er hjá Hagstofu Íslands. Sveitarfélög landsins eru 69 talsins og tekur þessi samantekt til 66 þeirra, en í þeim búa vel yfir 99% íbúar.

Samantektin tekur eingöngu til A-hluta sveitarfélaga, þ.e. þeirrar starfsemi sveitarfélaga sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum. Til B-hluta heyra stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Í B-hluta er til dæmis að finna veitur, hafnir, sorpeyðingu og félagslegt húsnæði.

Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2021 litast mjög af kórónuveiru kreppunni. Kemur það annars vegar fram í lægri tekjum og verri afkoma í ár en hins vegar í auknum fjárfestingum sem ætlað er að mynda viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarsbúskapnum. Auknar fjárfestingar eru að langstærstum hluta fjármagnaðar með lántöku til lengri tíma og því hækka skuldir verulega.

Helstu niðurstöður eru þessar.

- Sveitarfélögin gera ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2021 verði neikvæð um 21,7 ma.kr. eða 5,8% af tekjum. Til samanburðar var gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 1,8% af tekjum í fjárhagsáætlun 2020. Ennfremur má nefna að rekstrarafgangur nam að meðaltali 3,3% af tekjum árin 2010-2019.
- Þriggja ára áætlanir 2022-2024 taka mið af hagspám og samkvæmt áætlunum munu tekjur hækka í takt við spár um hagvöxt. Engu að síður gera áætlanir ráð fyrir að halli verði á rekstri sveitarfélaga fram til ársins 2024 þegar gert er ráð fyrir lítilsháttar rekstrarafgangi.
- Fjárhagsáætlanir benda til að veltufé frá rekstri verði um 1,0% af tekjum árið 2021. Það er miklu minna en í fjárhagsáætlun 2020 sem gerði ráð fyrir að veltufé yrði 8,2% af tekjum. Sveitarfélög reikna með að veltufé frá

rekstri muni hækka umfram tekjur næstu árin og verða 7,7% árið 2024. Til samanburðar má hafa að veltufé frá rekstri nam að meðaltali 13,4% af tekjum árin 2010-2019.

- Áætlanir sveitarfélaga gera ráð fyrir að fjárfestingar verði um 59 ma.kr. 2021, sem er 24% hækkun frá fjárhagsáætlun 2020. Þá fela áætlanir í sér að fjárfestingar munu haldast nokkurn vegin óbreyttar árin 2021-2022 en lækka svo árin 2023 og þó einkum 2024.
- Fjárfestingar sveitarfélaga námu að meðaltali 12% af tekjum árin 2010 til 2019. Í fjárhagsáætlun 2021 er hins vegar gert ráð fyrir að fjárfestingar verði sem nemur 15,9% og 15% árið 2022.
- Í ljósi áforma um fjárfestingar munu sveitarfélögin taka ný langtímalán í ár sem nemur hærri fjárhæðum en nemur afborgunum af slíkum lánum. Skuldir og skuldbindingar A-hluta munu því hækka sem hlutfall af tekjum, verða 124% árið 2021, en stefnt var að 103% í fjárhagsáætlun 2020. Í þriggja ára áætlunum sínum reikna sveitarfélögin með að skuldahlutfall A-hluta hækki áfram til 2023 í 129% en lækki í 127% árið 2024.
- Útsvarsálagning verður 14,45% á árinu 2021, en var 14,44% árið 2020. Tvö sveitarfélög hækkuð útsvarsálagningu lítillega og eitt lækkaði álagninguna.
- Álagning fasteignaskatta í A-flokki (íbúðarhúsnæði) lækkar úr 0,232% af fasteignamati í 0,231% (lækkun um 0,47%). Meiri lækkun verður á álagningu í C-flokki (atvinnuhúsnæði), úr 1,594% í 1,562% sem er lækkun um 2%. Hér er miðað við álagningu 25 stærstu sveitarfélaganna.
- Samanburður á milli útkomuspár og fjárhagsáætlana 15 stærstu sveitarfélaganna fyrir árið 2020 sýnir viðsnúning tekna og gjalda upp á tæplega 21 ma.kr. sem má að langstærstum hluta rekja til samdráttar í þjóðarbúskapnum vegna Covid-19. Áætla má að viðsnúningurinn nemi um 25 ma.kr. fyrir sveitarfélögin í heild.

Inngangur

Sveitarstjórnarlög kveða á um að tillögu um fjárhagsáætlun til næstu fjögurra ára beri að leggja fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um áætlunina á tveimur fundum og afgreiða eigi síðar en 15. desember á ári hverju. Vegna kórónuveirufaraldursins var frestur sveitarstjórna lengdur til ársloka.

Í sveitarstjórnarlögum segir að fjárhagsáætlun komandi árs sé „bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins.“ Fjárhagsáætlunir til þriggja ára þar á eftir eru hins vegar ekki bindandi með sama hætti. Líta má á þær sem stefnumörkun sveitarstjórnar um fjármál og eiga þær að gefa yfirlit um hvert stefnir í fjármálum sveitarfélagsins.

Ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 2020 liggja ekki fyrir, en skv. sveitarstjórnarlögum skal ársreikningur lagður fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 15. apríl ár hvert og skal staðfesta hann hið skemmsta mánuði síðar. Við undirbúning fjárhagsáætlana gera flest sveitarfélög spá um niðurstöðu líðandi árs. Útkomuspár fyrir árið 2020 eru ekki aðgengilegar í upplýsingaveitu sveitarfélaga. Safnað hefur verið saman útkomuspám fyrir stærstu sveitarfélögin og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Í töflunum hér á eftir er sveitarfélögum skipt í þrjá hópa; Reykjavíkurborg, höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkurborgar, og svo önnur sveitarfélög.

| | Reykjavíkurborg | Höfuðborgarsvæðið án Rvk | Önnur sveitarfélög | Samtals | Fjárhagsáætlun 2020 |
|---|-----------------|--------------------------|--------------------|----------------|---------------------|
| Skatttekjur án jöfnunarsjóðs | 104.215 | 76.876 | 91.502 | 272.593 | 273.934 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 7.649 | 7.877 | 27.820 | 43.347 | 45.188 |
| Þjónustugjöld og aðrar tekjur | 21.794 | 11.114 | 22.583 | 55.491 | 53.205 |
| Samtals reglulegar tekjur | 133.659 | 95.867 | 141.905 | 371.431 | 372.328 |
| Laun og launatengd gjöld | 83.357 | 56.191 | 87.853 | 227.400 | 210.364 |
| Annar rekstrarkostnaður | 53.832 | 37.376 | 50.780 | 141.988 | 133.015 |
| Samtals rekstrargjöld | 137.189 | 93.567 | 138.633 | 369.389 | 343.379 |
| Framlegð (reglulegar tekur - rekstrargjöld) | -3.530 | 2.300 | 3.272 | 2.042 | 28.949 |
| Framlegð % af tekjum | -2,6% | 2,4% | 2,3% | 0,5% | 7,8% |
| Til minnis: | | | | | |
| Fjöldi íbúa 1. janúar 2020 | 131.136 | 101.898 | 130.202 | 363.236 | |

Tafla 1. Yfirlit yfir rekstrarreikninga í fjárhagsáætlun A-hluta sveitarfélaga 2021, m.kr.

Rekstrarreikningur

Í rekstraryfirliti eru sýndar tekjur og rekstrargjöld sveitarfélaga ásamt afskriftum og fjármagnsliðum. Helstu lykiltölur rekstraryfirlits eru framlegð og rekstrarniðurstaða.

Fjárhagsáætlun 2021

Útsvar er mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaga og svarar til um 60% heildartekna þeirra og yfir 80% skatttekna. Á árinu 2021 hyggjast sveitarfélögin leggja á 14,45% útsvar að meðaltali, sem er hér um bil óbreytt frá fyrra ári. Fasteignaskattar og lóðaleiga eru tæplega 14% af heildartekjum, framlög úr jöfnunarsjóði um 12% og aðrar tekjur um 15%.


Gert er ráð fyrir að heildartekjur A-hluta verði um 371 ma.kr. árið 2021. Þar af eru skatttekjur án jöfnunarsjóðs 273 ma.kr. Tekjurnar eru svipaðar þeim sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2020. Framlegð fæst með því að draga reglulegar tekjur frá reglulegum breytilegum gjöldum. Heildarframlagð sveitarfélaganna er áætluð um 2 ma.kr. sem er 0,5% af áætluðum heildartekjum, samanborið við 7,8% í áætlun 2020.

| | Reykjavíkurborg | Höfuðborgar-svæðið | Önnur sveitarfélög | Samtals | Fjárhagsáætlun 2020 |
|---|-----------------|--------------------|--------------------|----------------|---------------------|
| Framlegð | -3.530 | 2.300 | 3.272 | 2.042 | 28.949 |
| Afskriftir | 6.402 | 3.654 | 5.797 | 15.853 | 14.684 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði | -9.933 | -1.354 | -2.525 | -13.811 | 14.265 |
| Fjármagnsliðir | -1.388 | -2.890 | -3.810 | -8.088 | -7.458 |
| Óreglulegir liðir | 0 | 0 | 177 | 177 | -61 |
| Rekstrarniðurstaða | -11.321 | -4.243 | -6.158 | -21.722 | 6.747 |
| % af tekjum | -8,5% | -4,4% | -4,3% | -5,8% | 1,8% |


Tafla 2. Rekstrarniðurstaða í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga 2021, m.kr.

Í töflu 2 kemur fram áætluð afkoma sveitarfélaganna sem fæst með því að bæta afskriftum og fjármagnsliðum við framlegð. Afkoman er neikvæð hjá öllum hópunum og er heildarafkoman neikvæð um 21,7 ma.kr. sem er um 5,8% af áætluðum heildartekjum. Á mynd 1 má sjá hvernig hlutfall rekstrarafgangs af tekjum dreifist milli sveitarfélaga. Af 66 sveitarfélagi sem til umfjöllunar eru, skila 42 sveitarfélög fjárhagsáætlun með neikvæðum rekstrarafgangi og aðeins 24 sveitarfélög áætla að rekstrarafgangur verði jákvæður. Af þeim sveitarfélögum sem reikna með neikvæðum rekstrarafgangi eru 10 sveitarfélög með halla sem nemur meira en 10% af tekjum.





Mynd 1: Dreifing áætlaðs rekstrarafgangs 2021, í hlutfalli við tekjur.




Mynd 2: Tekjur og gjöld sveitarfélaga 2021-2024, ma.kr.

Fjárhagsáætlun 2021-2024

Á mynd 2 kemur fram að sveitarfélögin gera ráð fyrir að heildartekjur A-hluta muni hækka hlutfallslega meira en heildargjöldin á næstu árum. Áætlaðar heildartekjur vaxa úr 371 ma.kr. árið 2021 í 434 ma.kr. árið 2024 sem er 17,0% hækkun, meðan heildargjöldin vaxa úr 385 ma.kr. upp í 421 ma.kr., eða 9,6% hækkun. Afkoman mun því batna næstu árin gangi þessar áætlanir eftir.

Mynd 3 sýnir þessa bættu afkomu sem rekstrarafgang í hlutfalli við heildartekjur. Hlutfallið fer úr því að vera neikvætt um 5,8% 2021 í jákvætt um 0,6% 2024.



Mynd 3: Rekstrarafgangur sveitarfélaga 2021-2024.


Sjóðstreymisyfirlit

Sjóðstreymisyfirlitið sýnir hvernig fjármunum er ráðstafað (til fjárfestinga eða greiðslu skulda) og hvernig fjárfestingar eru fjármagnaðar (með lántökum eða eignasölu). Niðurstaða sjóðstreymisyfirlit er hækkun eða lækkun á handbæru fé.

Mikilvæg lykiltala í sjóðstreymisyfirlitinu er veltufé frá rekstri. Hún segir til um hversu mikið fjármagn er afgangur til að standa undir fjárfestingum og til að greiða niður skuldir og skuldbindingar.

| | Reykjavíkurborg | Höfuðborgarsvæðið | Önnur sveitarfélög | Samtals | Fjárhagsáætlun 2020 |
|--|-----------------|-------------------|--------------------|----------------|---------------------|
| Veltufé frá rekstri | -4.067 | 2.752 | 4.880 | 3.565 | 30.417 |
| % af tekjum | -3,0% | 2,9% | 3,4% | 1,0% | 8,2% |
| Handbært fé frá rekstri | -5.840 | 9.286 | 4.601 | 8.047 | 29.548 |
| Nettó fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm. | -28.214 | -10.838 | -18.897 | -57.949 | -45.901 |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | -28.615 | -11.338 | -19.108 | -59.061 | -47.756 |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 401 | 500 | 212 | 1.113 | 1.855 |
| Aðrar fjárfestingarhreyfingar | 8.964 | 118 | 111 | 9.193 | 13.412 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | -19.250 | -10.720 | -18.786 | -48.756 | -32.489 |
| Tekin ný langtímalán | 34.400 | 8.900 | 17.082 | 60.382 | 18.962 |
| Afborganir langtímalána | -2.834 | -5.915 | -7.240 | -15.989 | -14.057 |
| Aðrar fjármögnunarhreyfingar | -1.037 | -1.431 | -3.225 | -5.693 | -6.870 |
| Fjármögnunarhreyfingar samtals | 30.529 | 1.554 | 6.616 | 38.699 | -1.965 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 5.438 | 120 | -7.569 | -2.010 | -4.905 |

Tafla 3: Úr sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlana A-hluta sveitarfélaga 2021, m.kr.




Fjárhagsáætlun 2021

Í töflu 3 kemur fram yfirlit um áætlað sjóðstreymi sveitarfélaganna fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði aðeins 1,0% af tekjum sveitarfélaga. Verði þessi raunin blasir við að rekstur sveitarfélaga hefur ekki skilað jafn litlu veltufé í hlutfalli við tekjur frá því núverandi reikningsskil voru tekin upp. Í kjölfar hrunsins árin 2008-2010 nam t.d. veltufé 9-11% af tekjum og að meðaltali nam veltufé árunna 2010-2019 13,4% af rekstri. Enn fremur má nefna að fjárhagsáætlun 2020 gerði ráð fyrir að veltufé frá rekstri yrði 8,2%.

Á mynd 4 má sjá hvernig hlutfall milli veltufjár frá rekstri og tekna dreifist á milli sveitarfélaga. Sextán sveitarfélög áætla að skila neikvæðu veltufé frá rekstri en 11 sveitarfélög gera ráð fyrir að hlutfallið verði yfir 7,5%.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar samtals um 59 ma.kr. árið 2021. Það svarar til 15,9% af tekjum. Til samanburðar má nefna að árin 2010-2019 námu fjárfestingar sem svarar 12,1% af tekjum.

Fjárfestingar þarf að fjármagna með einhverjum hætti. Eins og kemur fram í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlana dugur handbært fé frá rekstri ársins ekki fyrir fjárfestingunum. Í




Mynd 4. Dreifing veltufjár frá rekstri 2021 í hlutfalli við tekjur.

áætlunum sveitarfélaga er gert ráð fyrir að taka ný langtímalán að fjárhæð 60,4 ma.kr. og að afborganir þeirra muni nema 16,0 ma.kr. Sala á varanlegum rekstrarfjármunum er áætlað að verði 1,1 ma.kr. Loks gera áætlanir sveitarfélaga ráð fyrir að dregið verði á handbært fé og það lækkað um tæplega 2,0 ma.kr. sem er þó nokkuð minna en fjárhagsáætlun 2020 gerði ráð fyrir.


Fjárhagsáætlun 2021-2024

Von um betri tíð næstu árin skilar sér í áætlunum um að rekstur skili vaxandi veltufé næstu árin. Eins og sést á mynd 5 er reiknað með að veltufé frá rekstri verði 1,0% sem hlutfall af tekjum árið 2021 en hækki svo upp í 7,7% árið 2024.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingarstigið muni haldast hátt árin 2021 – 2023, en lækka verulega árið 2024. Fjárfesting umfram sölu rekstrarfjármuna í hlutfalli við handbært fé er áætlað 720% árið 2021 en fer síðan lækkandi og verður komið niður í 116% árið 2024.



Mynd 5. Veltufé frá rekstri 2021-2024.



Mynd 6. Fjárfesting og handbært fé 2021-2024.



Efnahagsreikningur

| | Reykjavíkurborg | Höfuðborgar- svæðið | Önnur sveitar- félög | Samtals | Fjárhags- áætlun 2020 |
|--|-----------------|------------------------|----------------------------|----------------|-----------------------------|
| Fastafjármunir | 211.921 | 166.651 | 229.183 | 607.755 | 577.296 |
| Veltufjármunir | 23.123 | 12.115 | 42.737 | 77.976 | 70.027 |
| Eignir | 235.044 | 178.766 | 271.920 | 685.730 | 647.323 |
| Eigið fé | 79.192 | 47.448 | 100.188 | 226.828 | 265.473 |
| Skuldbindingar | 37.525 | 30.226 | 39.300 | 107.051 | 106.459 |
| Langtímaskuldir | 94.407 | 73.835 | 90.143 | 258.385 | 200.849 |
| Skammtímaskuldir | 23.920 | 27.257 | 42.289 | 93.466 | 74.542 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 155.852 | 131.318 | 171.732 | 458.902 | 381.851 |
| % af tekjum | 117% | 137% | 121% | 124% | 103% |
| Skuldir og eigið fé | 235.044 | 178.766 | 271.920 | 685.730 | 647.323 |

Tafla 4. Úr efnahagsreikningi A-hluta sveitarfélaga 2021, m.kr.


Efnahagsreikningur gefur yfirlit yfir eignir og skuldir sveitarfélaga. Eignum er skipt í fastafjármuni og veltufjármuni. Skuldum er skipt í langtímaskuldir, skammtímaskuldir og skuldbindingar. Lykiltala úr reikningum sveitarfélaga er skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum. En

það er sú stærð sem myndar grundvöll að skuldareglu sveitarstjórnarlaganna. Hún kveður á um að skuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélaga (A- og B-hluta) skuli ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.



Fjárhagsáætlun 2021


Fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir því að í árslok 2021 verði skuldir og skuldbindingar A-hluta sveitarfélaga um 459 ma.kr. eða sem nemur 124% af heildartekjum þeirra. Þess má geta að í fjárhagsáætlun 2020 var gert ráð fyrir að skuldahlutfallið yrði 103% og er því um verulega hækkun að ræða milli ára. Í mynd 7 kemur fram að níu sveitarfélög gera ráð fyrir að skuldahlutfall verði yfir 150% en 19 sveitarfélög að skuldahlutfallið verði undir 50%.



Mynd 7. Dreifing skuldahlutfalls A-hluta fjárhagsáætlana 2021.

Fjárhagsáætlun 2021-2024

Á mynd 8 kemur fram að sveitafélögin gera ráð fyrir að skuldahlutfall fari hækkandi fram til 2023 og verði þá 129% af tekjum en lækki í 127% árið 2024. Vegur þar þyngst hækkun langtímaskulda úr 70% af tekjum í 76%.



Mynd 8. Skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum 2021-2024.

Fjárhagsáætlun 2020 og útkomuspár

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið falaðist eftir útkomuspám fyrir árið 2020 frá sveitarfélögunum. Í töflu 5 er sýnd samanlögð útkomuspá fyrir fimmtán fjölmennustu sveitarfélögin og til samanburðar er sýnd fjárhagsáætlun sömu sveitarfélaga fyrir árið 2020. Rétt er að taka fram að útkomuspánnar taka mið af stöðu sveitarfélaganna að líkindum í haust. Útsvarstekjur hafa reynst meiri en ráð var fyrir gert vegna greiðslu útsvara sem frestað hafði verið fyrir á árinu. Verður því að taka þessum niðurstöðum með fyrirvara og líklega er munur á fjárhagsáætlun og útkomu minni en hér kemur fram.

Hér kemur fram að tekjur voru 13,4 ma.kr. lægri en reiknað var með og rekstrargjöld 7,5 ma.kr. hærri. Viðsnúningurinn frá fjárhagsáætlun er því 20,9 ma.kr. og má að langstærstum hluta rekja til samdráttar í þjóðarbúskapnum vegna Covid-19. Þessi sveitarfélög svara til um 83,5% af umsvifum sveitarfélaga m.v. tekjur og á þeim grunni má áætla að viðsnúningur tekna og gjalda sveitarfélaga í heild hafi numið um 25 ma.kr.

Nokkra athygli vekur að fjárfestingar eru 3,1 ma.kr. lægri en fjárhagsáætlunir þessara 15 sveitarfélaga gerðu ráð fyrir. Áætlunir sambandsins um fjárþörf sveitarfélaga 2020 vegna Covid-19 gerðu ráð fyrir að sveitarfélög myndu auka við fjárfestingar á árinu til að örva atvinnu.

| | Fjárhagsáætlun 2020 | Útkomuspá 2020 | Mismunur |
|----------------------------------|---------------------|----------------|----------------|
| Skatttekjur | 235.059 | 224.447 | -10.612 |
| Tekjur alls | 310.112 | 296.755 | -13.357 |
| Rekstrargjöld | 286.833 | 294.370 | 7.537 |
| Framlegð | 23.279 | 2.385 | -20.893 |
| % af tekjum | 7,5% | 0,8% | -6,7% |
| Rekstrarafgangur | 4.346 | -15.463 | -19.809 |
| % af tekjum | 1,4% | -5,2% | -6,6% |
| Veltufé | 24.191 | 6.982 | -17.209 |
| % af tekjum | 7,8% | 2,4% | -5,4% |
| Fjárfesting | 41.420 | 38.328 | 3.092 |
| % af tekjum | 13,4% | 12,9% | -0,4% |
| Skuldir og skuldbindingar | 333.037 | 351.605 | 18.567 |
| % af tekjum | 107,4% | 118,5% | 11,1% |

Tafla 5. Fjárhagsáætlun og útkomuspá 15 fjölmennustu sveitarfélaganna 2020.